***FUNDARGERÐ***

***Fundur nr. 144 í stjórn Herjólfs ohf., haldinn 6. maí 2025 kl. 17:00 á skrifstofu félagsins að Básaskersbryggju.***

*Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Rannveig Ísfjörð, Björg Þórðardóttir, Sæunn Magnúsdóttir og Ólafur Jóhann Borgþórsson, framkvæmdastjóri.*

*Á dagskrá fundarins voru þrír dagskrárliðir*

1. **Farþegatölur fyrir mars 2025**

   Framkvæmdastjóri fór yfir farþegatölur þriðja mánuð ársins 2025. Farþegum fækkaði lítillega miðað við mars í fyrra sem skýrist líklega af því að páskarnir voru í mars árið 2024 en í apríl nú í ár. Framkvæmdastjóra er þökkuð yfirferðin.

2. **Rekstraruppgjör mars 2025**

   Framkvæmdastjóri fór yfir rekstrartölur fyrir marsmánuð 2025 sem sýnir jákvæða rekstrarniðurstöðu fyrir tímabilið.

3. **Önnur mál**

   Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá hafnarstjóra Vestmannaeyjahafnar vegna umferðarskipulags frá Vigtartorgi að Básaskersbryggju. Stjórn Herjólfs fól framkæmdastjóra að senda umsögn til umferðarhóps í samræmi við umræðu og niðurstöðu stjórnar.

   Að lokum fór fram umræða um ástand mannvirkja og skipulagsmál í Landeyjahöfn.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 24. júní n.k.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Sæunn Magnúsdóttir.